Lúxemborg, 5. maí 2022

FRÉTTATILKYNNING 01/2022

Dómur í máli E-12/20 *Telenor ASA og Telenor Norge AS* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*

KRÖFU UM ÓGILDINGU ÁKVÖRÐUNAR ESA UM ÁLAGNINGU SEKTA AÐ FJÁRHÆÐ 111.951.000 EVRA VEGNA MISNOTKUNAR TELENOR Á MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU HAFNAÐ

Með dómi sem kveðinn var upp í dag hafnaði EFTA-dómstóllinn kröfu Telenor ASA og Telenor Norge AS („Telenor“) um ógildingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) um að Telenor hefði brotið í bága við 54. gr. EES-samningsins. Telenor misnotaði markaðsráðandi stöðu sína á heildsölumarkaði fyrir aðgang að og meðhöndlun gagna á fjarskiptanetum („aðgangs- og upphafsþjónusta“) með því að innheimta heildsöluverð sem leiddi til að brúttó verðmunur varð neikvæður fyrir nokkra samkeppnisaðila Telenor á smásölumarkaði fyrir 2G/3G/4G netþjónustu handa neytendum í Noregi með búnaði öðrum en farsímum – svokallaður verðþrýstingur.

Samkvæmt ákvörðun ESA var um að ræða þrjú aðskilin brot sem tengdust verðþrýstingi frá Telenor gagnvart Network Norway AS frá 1. ágúst 2008 til 31. ágúst 2010; Ventelo AS, Ventelo Norge AS og Ventelo Bedrift AS frá 1. janúar 2008 til 30. nóvember 2010; og þjónustuaðilum frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. ESA lagði á Telenor sekt fyrir hvert brot um sig, samtals að fjárhæð 111.951.000 evra.

Með stefnu sinni gerði Telenor kröfu um ógildingu ákvörðunar ESA að öllu leyti eða að hluta, eða til ógildingar eða lækkunar á sektarfjárhæðinni. Telenor taldi að ESA hefði gert mistök við skilgreiningu smásölumarkaðsins, að athæfi sitt teldist ekki misnotkun, að ESA væri ekki heimilt að leggja á sekt þar sem fyrningarfrestur væri liðinn að því er varðaði brotin gagnvart Network Norway og Ventelo, að ESA hefði ekki lagt til grundvallar rétt málsatvik og brotið í bága við EES-rétt við útreikning fjárhæða sektanna og að sektirnar bæri að lækka sökum málsbóta, sérstaklega vegna lengdar málsmeðferðarinnar hjá ESA og til að tryggja samræmi við meðalhóf.

EFTA-dómstóllinn taldi að ESA hefði hvorki brotið í bága við EES-rétt né fært fram ófullnægjandi gögn til stuðnings niðurstöðum sínum og ekki gert nein mistök að því er varðaði markaðsskilgreininguna. Þá væri ekkert aðfinnsluvert við niðurstöðu ESA um að Telenor hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með innheimtu heildsöluverðs sem leiddi til neikvæðs verðmunar fyrir samkeppnisaðila sem væru jafn skilvirkir. Þar sem EFTA-dómstóllinn taldi að ESA hefði sýnt fram á að brotin gagnvart Network Norway og Ventelo hefðu staðið til 31. ágúst 2010 og 30. nóvember 2010 með fullnægjandi hætti, hefði fyrningarfresturinn ekki verið liðinn.

Að því er varðaði álagðar sektir, taldi EFTA-dómstóllinn að Telenor hefði verið meðvitað um helstu málsatvik sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að um væri að ræða markaðsráðandi stöðu á skilgreinda markaðinum og að sú staða hefði verið misnotuð. Hefði Telenor því ekki getað verið ómeðvitað um samkeppnishamlandi eðli athæfis síns. Þá væri ekkert aðfinnsluvert við útreikning ESA á fjárhæð sektanna eða við það að sektirnar hefðu ekki verið lækkaðar vegna málsbóta eða með vísan til meðalhófsreglu. Að því er varðaði lengd málsmeðferðarinnar, taldi EFTA-dómstóllinn að ekki hefði verið óhæfilegur dráttur eða nokkurt aðgerðarleysi í tengslum

við málsmeðferðina hjá ESA. Þó svo að ítarleg rannsókn ESA hefði óhjákvæmilega leitt til þess að málsmeðferðin varð lengri, taldi EFTA-dómstóllinn að tímalengdin væri eðlileg í ljósi umfangs og flækjustigs málsins og til að tryggja andmælarétt Telenor.

Að framansögðu virtu, hafnaði EFTA-dómstóllinn kröfum Telenor í heild sinni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.